

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 7. sept. 2017, kl. 17:00. Fundur nr. 772.
Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðuðu, Elvar, Guðrún og Sigurður.

- 1) Fundur settur kl. 17:00.
- 2) Fundargerð síðasta fundar, samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 9. ágúst. Frá ÍSÍ: Dagsetning formannafundar ÍSÍ 2017. Lagt fram til kynningar.
 - b. Bréf dagsett 1. sept. frá UMFÍ: 50. sambandsþing UMFÍ. Lagt fram til kynningar.
 - c. Bréf dagsett 4. sept. Frá UMFÍ: Kjörbréf á 50. sambandsþing UMFÍ 2017. Lagt fram til kynningar.
4. Umsókn um fyrirmyndariþróttahérað ÍSÍ.
 - a. Framkvæmdastjóri átti fund með Viðari Sigurjónssyni þar sem farið var yfir stöðuna.
 - b. Stjórnin tekur skýra afstöðu með því að UMSE verði fyrirmyndariþróttahérað. Fundurinn ákvað eftirfarandi.
 - i. Stjórn UMSE stefnir að því að öll aðildarfélög þess verði fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Framkvæmdastjóri UMSE er tengiliður milli aðildarfélaga UMSE og ÍSÍ vegna verkefna sem tengjast því.
 - ii. Formannafundir UMSE eru haldnar árlega í seinnihluta janúar eða byrjun febrúar. Markmið fundanna eru:
 - Kynning á starfi aðildarfélaga.
 - Kynning á starfi UMSE.
 - Undirbúningur fyrir ársþing UMSE.
 1. Kynningar á verkefnum og/eða fræðsla til fulltrúa aðildarfélaga.
5. Staða skila í Felix
 - a. Öll aðildarfélög UMSE hafa skilað skýrslu á Felix.
 - b. Felix er ekki nægilega skilvirkur vegna kerfisvillu sem ekki hefur tekist að komast fyrir. Framkvæmdastjóri hefur verið í samskiptum við UMFÍ vegna málsins. Það sem snýr að UMSE og aðildarfélögum er að tölulegar upplýsingar um fjölda félagsmanna eru rangar. UMSE fær aðrar tölur en aðildarfélögin hvað varðar fjölda félagsmanna.
6. Unglingalandsmót UMFÍ
 - a. Keppendur frá UMSE voru 39 að þessu sinni og kepptu í strandblaki, frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfuknattleik, golfi, sundi, kökuskreytingum, þreki (crossfit) og skák. Keppendur UMSE voru til fyrirmyndar á mótinu, bæði á keppnisvellingum sem og utan hans. Það sama má segja um aðstandendur, sem stóðu þétt við bakið á sínu fólki.
 - b. Árleg grillveisla fór að venju vel fram og voru um 110 - 120 manns sem gæddu sér á nautasteikinni í þetta skiptið.
 - c. Mótið var í alla staði til mikillar fyrirmyndar.

- d. Keppendur UMSE unnu fjölmarga meistaratitla á mótinu.
 - e. Styrktaraðilar UMSE á Unglingalandsmótinu voru.
 - i. Bústólpi, aðalstyrktaraðili UMSE (með árlega styrknum)
 - ii. Landflutningar Samskip
 - iii. Félagsbúið Áshóli
 - iv. Ölgerðin
 - v. Nýja kaffibrennslan.
 - f. Myndir af mótinu eru inni á Facebook síðu UMSE
 - i. www.facebook.com/ungmennasamband.eyjafjardar/
7. Önnur mál.
- a. Tveir fulltrúar UMSE fara á ráðstefnuna, „Sýnum karakter“ sem haldin verður í Reykjavík 29. sept. Rætt um hvernig best sé að standa að viðburði þegar UMSE verður útnefnt fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ. Framkvæmdastjóra falið að skipuleggja viðburðinn. Einar sagði frá velheppnuðu fótboltamóti UMSE sem haldið var á Hrafnagili í byrjun september. Þátttakendur á mótinu komu frá fimm aðildarfélögum. Sigrún pantaði að fá að sjá um jólahlaðborð UMSE við mikinn fögnuð fundarmanna.
8. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 3. okt. kl. 18:00. Sigurður mætir með veitingar
9. Fundi slitið kl. 18:00.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
